



**FUNDARGERÐ**  
**51. fundur Odda bs**  
**haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , þriðjudaginn 24. maí 2022**  
**og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Björk Grétarsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Jóhanna Hlöðversdóttir, Ágúst Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir og Valtýr Valtýsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Klara Viðarsdóttir, Sigrún B. Benediksdóttir og Ingigerður Stefánsdóttir sátu fundinn undir liðum 1-2.

**Dagskrá:**

**1. Rekstraryfirlit Odda bs 2022 - 2201036**

*Yfirlit um rekstur byggðasamlagsins janúar-apríl*

Klara Viðarsdóttir fór yfir rekstur Odda bs. Skólastjórar leikskólanna mættu til fundar og fóru yfir rekstur fyrsta ársfjórðungs.

**2. Skóladagatöl 2022-2023 - 2203085**

*Tillögur að skóladagatölum*

Farið yfir tillögur að skóladagatölum til kynningar. Í takt við skólastefnu Odda bs er lögð áhersla á að samræma undirbúnings- og starfsdaga eins og frekast er kostur.

**3. Viðbótar stöðugildi á yngsta stigi - 2205003**

*Skólastjóri Grunnskólans á Hellu óskar eftir að bæta við stöðugildi á yngsta stigi fyrir næsta skólaár.*

Fram kom að kostnaður við 1 stöðugildi kennara í 100% starfshlutfalli er áætlaður um 10 mkr á ári og kostnaður sem myndi falla til á árinu 2022 væri þá um 4.2 mkr. Stjórn Odda bs beinir því til nýkjörinna sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna að taka málið upp sem fyrst til ákvarðanatöku.

Samþykkt samhljóða.

**4. Menntaflétta og farsældardiplóma - 2205040**

*Upplýsingar um nýja námsleið hjá Háskóla Íslands.*

Til kynningar.

**5. Endurmenntunarsjóður grunnskóla - 2201068**

*Niðurstaða úthlutunar úr námsleyfasjóði 2022*

Til kynningar.

**6. Umsókn um leikskólavistun utan lögheimilissveitarfélags - 2201066**

*Trúnaðarmál.*

Fært í trúnaðarmálabók.

Fundargerðin yfirlesin og staðfest.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:45.**



Björk Grétarsdóttir



Ásta Berghildur Ólafsdóttir



Jóhanna Hlöðversdóttir



Ágúst Sigurðsson



Elín Grétarsdóttir